

Því dæmist rjett að vera:

Hinn stefndi, bóndinn Jón Þorkellsson á Svaðastöðum, á að lúka áfrýjandanum, verzlunarmanni Christen Havsteen, helminginn af andvirði hins umpráttaða hvals, er hann tók til sín, að kostnaði frá dregnum, eptir mati tveggja dómkvaddra óvilhallra manna, en þó skal gjald það eigi meira vera en 599 kr. og 5% vexti af matsupphæðinni frá sáttarkærudegi til þess hún verður greidd. — Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður. Laun hins skipaða talsmanns áfrýjandans í hjeradi, verzlunarstjóra Snorra Pálssonar, 20 kr., og fyrir yfirdóminum, Jóns landshöfðingjaritara Jónssonar, 30 kr., lúkist úr opinberum sjóði.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 12/1880

Rjettvísing

gegn

Sigurði Jónssyni í Lambhaga.

Dómur:

Með dómi, kveðnum upp fyrir aukarjetti Mýra- og Borgarfjardarsýslu 31. maímán. f. ár, er Sigurður Jónsson á Lambhaga í Skilmannahreppi dæmdur fyrir ólöglegar lækningar til að greiða 40 kr. sekt til sveitarsjóðsins í tjeðum hreppi og til að borga allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til svaramanns síns í hjeradi, Þórðar bónda Þorsteinssonar á Leirá, 4 kr. í málsfærslulaun, en aptur á móti er hinn ákærði sýknaður af kærú hins opinbera útaf óleyfilegri

meðalásölu. Þessum dómi er af hálfu hins opinbera áfrýjað til yfirdómsins.

Með eigin játningu hins ákærða, sem kominn er langt yfir lögaldur sakamanna, og öðrum skýrslum, sem fram eru komnar undir rekstri málsins, er það löglega sannað, að hann um mörg undanfarin ár hafi fengist við lækningar, sjer í lagi eptir homöopathiskum reglum og með homöopathiskum meðölum, án þess að hann hafi leyst af hendi opinbert próf í læknisfræði eða fengið leyfi til að hafa lækningar um hönd. Þetta atferli hins ákærða er af undirdómaranum rjettilega heimfært undir tilskip. 5. septbr. 1794, 5. gr., án þess að það geti komið til greina, hvort skaði hefur hlotizt af lækningatilaunum hins ákærða eða ekki, og virðist hegningin samkvæmt tjeðum lagastað, sambornum við tilskipun 24. janúar 1838, 3. gr., hæfilega ákveðin 20 kr. sekt, er renni í hlutaðeigandi sveitarsjóð. Þar sem hinn ákærði einnig hefur verið sakaður um óleyfilega meðalsölu, þá verður yfirdómurinn að vera á sama máli og undirdómarinn um það, að það sje ekki nægilega sannað, að hinn ákærði hafi sjerstaklega haft um hönd meðalásölu, eða látið af hendi meðöl fyrir ákveðna borgun, heldur virðist svo, sem hann aðeins hafi látið úti meðöl við þá, sem leituðu lækninga hjá honum, og ekki tekið aðra borgun en þá, sem honum var boðin fyrir lækningartilraunina í heild sinni, en fyrir slík meðalaútlát virðist hinn ákærði ekki verða látinn sæta ábyrgð sjerstaklega. Með þeirri breytingu á hegningunni, sem að framan er sagt, ber þannig að staðfesta undirrjettardóminn, einnig að því er snertir málskostnað í hjeraði, og bær hinum ákærða þá einnig að greiða allan kosnað af áfrýjun málsins, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns

fyrir yfirdóminum, sem ákveðast 10 kr. handa hvorum þeirra.

Sá dráttur, sem orðið hefur á rekstri málsins í hjeradi, virðist vera nægilega rjettlættur af undirdóm-aranum, og því vottast, að meðferð málsins í hjeradi hafi verið vitalaus, eins og líka sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt,

Því dæmist rjett að vera:

Undirrjettarins dómur á óraskaður að standa, þó þannig, að hin ákveðna sekt færist niður í 20 krónur. Hinn ákærði Sigurður Jónsson greiði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað þar á meðal í málsfærslulaun til sóknara og svara-
manns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Jóns Jónssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
legri birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 24. maímán.

Nr. 1/1880.

Einar Oddsson

gegn

H. Th. A. Thomsen.

D ó m u r :

Með stefnu, dagsettri 8. janúarmán. þ. á., hefur Einar Oddsson á Ósi áfrýjað til yfirdómsins dómi gengnum fyrir aukarjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu 29. júlí f. á., með hverjum hann fyrir að hafa verið í verki með, þá er laxakistur Thomsens kaupmanns í Elliðaánum 17. ágúst 1878 voru brotnar, er dæmdur í 10 kr. sekt til landssjóðs, eða, ef sektin ekki er greidd